

Nd.

670. Frumvarp til laga

[305. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—'81)

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 8 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1980 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og gildistöku ákvæðisins um lengingu skólaskyldu, úr 8 árum í 9, frestað um eitt ár. Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum var m. a. bent á „að meginatriði væri að lok skyldunáms og nám á framhaldsskólastigi tengdist með eðlilegum hætti. Færi því vel á því að Alþingi fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans, þ. e. lengingu skólaskyldu um eitt ár, og framhaldsskólastigið.“ Nú hefur umfjöllun af því tagi sem hér um ræðir ekki farið fram og þykir því nauðsynlegt að fresta lengingu skólaskyldunnar um eitt ár enn. Menn eru yfirleitt sammála um að hvort sem skólaskyldan verður 8 eða 9 ár þá verði að vera fyrir hendi námsframboð níunda árið fyrir alla þá sem þess vilja njóta. Sá er þó munurinn að komi lengingin til framkvæmda þarf Námsgagnastofnun að leggja nemendum 9. bekkjar til ókeypis námsgögn, sem öðrum nemendum í skyldunámi, en ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum á fjárlögum þessa árs.

Á síðast liðnu ári starfaði nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins að endurskoðun laga um grunnskóla. Nefndin varð ekki sammála um lengingu skólaskyldunnar og er því æskilegt að fjallað verði enn frekar um málið í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á liðnum árum. Nefndaráliði verður sent skólamönnum, þingflokki og fleiri aðiljum til kynningar, og er ákveðið að ráðuneytið gangist á þessu ári fyrir ráðstefnu um grunnskólamál á grundvelli þessa nefndarálits.

Frumvarp það sem hér er lagt fram miðar að því að fresta framkvæmd lagaákvæða um lengingu skólaskyldu úr 8 árum í 9 til haustsins 1982 með það fyrir augum m. a. að unnt verði að afgreiða löggjöf um framhaldsskólastigið innan þess tíma.